

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1594
komudagur 25. 4. 2005

Hákon Hansson
héraðsdýralæknir
Ásvegi 31
760 Breiðdalsvík
hih@eldhorn.is

Breiðdalsvík 25.4. 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8- 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi syðra um þingmál nr. 700, frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og þingmál nr. 701 frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Undirritaður óskar eftir að veita eftirfarandi umsögn um ofangreind lagafrumvörp.

Mitt mat er að ekkert kalli á þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun. Þarna er um að ræða samtíning ólíkra og að hluta óskyldra stofnanna sem verið er að steypa saman í eina. Reynslan hefur sýnt, að margs kyns vandamál skapast þegar verið er að steypa svo ólíkum stofnunum sem um er fjallað í frumvarpinu saman og langur tími líður áður en starfsemi slíkrar stofnunar kemst í eðlilegt horf, ef það á annað borð tekst.

Mitt mat er að ekki sé skynsamlegt að tengja Embætti yfirdýralæknis um of landbúnaði, þótt vissulega séu störf embættisins að stórum hluta á því sviði, en mörg verkefni embættisins hafa almennari skírskotun og má þar nefna dýravernd og einnig heilbrigðisefirlit með sláturdýrum, sem ekki er síður neytenda- og heilbrigðismál en landbúnaðarmál.

Mér finnst eðlilegt að Embætti yfirdýralæknis starfi áfram sem sjálfstæð stofnun og embættismenn stofnunarinnar séu ráðherraskipaðir eins og verið hefur. Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 hafa reynst mjög vel og ekkert sem kallar á að breyta þeim lögum. Örar lagabreytingar á þessu sviði skapa óstöðugleika og má nefna að aðeins eru fáeinir mánuðir síðan flestir héraðsdýralæknar voru endurskipaðir til 5 ára.

Ekkert bendir til að sparnaður verði af sameiningunni, þvert á móti kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis, að a.m.k. til skemmri tíma litið muni kostnaður aukast. Hvað síðar verður er alveg óljóst, og ekki er ólíklegt að innan nokkurra ára flytjist hluti af verkefnum, sem nú heyra undir Embætti yfirdýralæknis til Matvælastofu, sem lengi hefur verið á teikniborðinu.

Mér finnst rétt að biða með allar breytingar þar til heildarendurskoðun á málaflökkinum hefur farið fram. Ég ítreka því þá skoðun mína að ekkert kallar á þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu a.m.k. hvað varðar þær breytingar sem lagðar eru til á Embætti yfirdýralæknis.

Virðingarfyllst

Hákon Hansson

Hákon Hansson
héraðsdýralæknir

